

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2012/EES/67/34

frá 22. nóvember 2010

um viðurkenningu á Srí Lanka að því er varðar menntun, þjálfun og útgáfu skírteina farmanna til viðurkenningar á atvinnuskírteinum (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 7963)

(2010/704/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB frá 19. nóvember 2008 um lágmarksþjálfun sjómanna⁽¹⁾ einkum 3. mgr. 19. gr.,

með hliðsjón af bréfi, 13. maí 2005, frá yfirvöldum á Kýpur þar sem óskað er eftir viðurkenningu á Srí Lanka til þess að viðurkenna atvinnuskírteini sem það land gefur út,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Aðildarríkin geta ákveðið að árita atvinnuskírteini farmanna, sem eru gefin út í þriðju löndum, að því tilskildu að framkvæmdastjórnin viðurkenni að viðkomandi þriðja land fullnægi kröfum alþjóðasamþykktar um viðmiðanir að því er varðar menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna, 1978, með áorðnum breytingum, (STCW-samþykktin) sem Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) hefur samþykkt.
- 2) Framkvæmdastjórnin hefur, að beiðni yfirvalda á Kýpur, metið kerfi fyrir menntun, þjálfun og útgáfu skírteina farmanna á Srí Lanka til þess að ganga úr skugga um hvort landið fari að kröfum STCW-samþykktarinnar og hvort viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skírteini. Matið var byggt á niðurstöðum skoðunar til gagnaöflunar, sem sérfræðingar á vegum Siglingaöryggisstofnunar Evrópu önnuðust í nóvember 2006.
- 3) Í þeim tilvikum sem annmarkar komu í ljós við mat á reglufylgni við STCW-samþykktina, létu yfirvöld á Srí Lanka framkvæmdastjórninni í té viðeigandi, umbeðnar upplýsingar og sönnunargögn að því er varðar framkvæmd viðeigandi og fullnægjandi aðgerða til að ráða bót á flestum þessara annmarka.
- 4) Nokkrir ágallar sem eftir standa, að því er varðar fæin atriði í innlendum verklagsreglum um menntun, þjálfun

og útgáfu skírteina farmanna, varða einkum skort á sérstökum lagaákvæðum um menntun og hæfi kennara, notkun herma sem og skort á hönnun og prófun æfinga fyrir herma í einni af mennta- og þjálfunarstofnunum fyrir farmenn sem voru skoðaðar. Yfirvöld á Srí Lanka hafa því verið hvött til að grípa til frekari aðgerða til úrbóta hvað þetta varðar. Þessir ágallar gefa þó ekki tilefni til efasemda um að kerfin á Srí Lanka samrýmist almennt ákvæðum STCW-samþykktarinnar að því er varðar menntun, þjálfun og útgáfu skírteina farmanna.

- 5) Niðurstaða mats á reglufylgni yfirvalda á Srí Lanka og mats á upplýsingum frá þeim sýnir að Srí Lanka uppfyllir viðeigandi kröfur STCW-samþykktarinnar. Srí Lanka hefur einnig gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skírteini og skal því viðurkennt af hálfu Sambandsins.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Srí Lanka hefur verið viðurkennt, að því er varðar menntun, þjálfun og útgáfu skírteina farmanna, í því skyni að viðurkenna atvinnuskírteini sem það land gefur út.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. nóvember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Siim Kallas

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 306, 23.11.2010, bls. 77. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 56, 4.10.2012, bls. 35.

(¹) Stjtið. ESB L 323, 3.12.2008, bls. 33.